„Hef varla getað gert annað en að teikna"

Rætt við Halldór Pétursson listmálara sem opnaði sýningu í gær



Halldór Pétursson er vel þekktur af portrettmyndum sínum. Ljósmynd Vísis Jens

„Á sýningunni eru myndir frá því að ég byrjaði að teikna þriggja ára gamall, en síðan þá hef ég varla gert neitt annað", sagði Halldór Pétursson sem í gær opnaði sýningu á verkum sínum á Kjarvalsstöðum.

Halldór er löngu kunnur af verkum sínum. Teikningar hans af mönnum og því sem efst er á baugi í þjóðlífinu eru vel kunnar. Þá hefir Halldór gert töluvert af því að myndskreyta bækur auk fjölmargra málverka, bæði vatnslita og olíulita.

„Ég hef eiginlega ekki getað gert annað en teiknað og málað síðan ég fór fyrst að dunda við það" segir hann. „Þetta hefur verið mitt aðalstarf síðan ég varð stúdent."

Stúdentsprófi sínu lauk Halldór frá MR árið 1935. Hann sótti einkatíma hjá listmálurunum Guðmundi Thorsteinson (Muggi) og Júlíönu Sveinsdóttur. Hann stundaði nám við Kunsthandværkskolen í Kaupmannahöfn árið 1935 og lauk prófi í auglýsingateiknun. Árin 1942 til 1945 nam hann við Minneapolis School of Art og Art Students League í New York.

Nóg að gera

„Það hefur alltaf verið nóg að gera hjá mér", segir hann. „Fyrst eftir að ég kom úr námi voru fáir sem teiknuðu, þannig að þetta byrjaði vel. En ég hef aldrei átt neitt aðalviðfangsefni. Ég hef málað og teiknað. Lengi gerði ég mikið af því að teikna eftir pöntunum en er nú hættur því. Geri bara það sem mig langar til.

Það er misjafnt hvernig ég vinn myndir mínar. Sumar teikningarnar eru gerðar í hvelli aðrar tekur lengri tíma að gera. Sumt liggur betur fyrir manni en annað."

Þegar sýning Halldórs er skoðuð tekur maður strax eftir öllum þeim fjölda hestamynda sem þar gefur að líta. Halldór segist alltaf hafa verið hrifinn af hestum þó ekki sé hann hestamaður í þeim skilningi orðsins sem þekktastur sé. Hins vegar megi hann varla taka sér pensil í hönd að hann festi ekki mynd af hesti á blað.

Eins og gefur að skilja eru líka fjöldamargar teikningar af þekktum persónuleikum á sýningunni. Bæði nýjar og eldri.

„Mér fannst þeir vera áhugaverðari til að teikna ýmsir í gamla daga, Jónas frá Hriflu og Ólafur Thors, svo dæmi séu nefnd. Það er eins og þeir séu svipminni í dag.

Í haust kemur út bók með myndum eftir Halldór. „Ég bjó til sjálfstæðar myndir um stráka sem fer út í heim á hestbaki og lendir í ævintýrum.

Þessu fylgdi upphaflega enginn texti, en Njörður P. Njarðvík hefur skrifað við hana texta svo þetta verður ein frásögn. Honum hefur að mínum dómi tekist alveg frábærlega."



Halldór að störfum í vinnustofu sinni.

Upprifjun fyrir íslendinga í Þjóðleikhúsinu

Fyrsta frumsýningin á leikárinu

Þó margir íslendingar þykist þekkja Spán vel eftir að hafa horft þaðan á sólina er ekki að efa að þeir munu sækja fróðleik í Þjóðleikhúsið á komandi leikári um spænskt þjóðlíf.

Leikrit Guðmundar Steinssonar „Sólarlandaferð," sem er fyrsta verkið á leikárinu, hefur verið sett upp þannig að áhorfendur eiga að vera í sem eðlilegustu umhverfi á meðan þeir horfa á verkið.

„Við reynum að ná stemningunni", sagði Brynja Benediktsdóttir leikstjóri „Sólarlandaferðar", þegar við ræddum við hana í gær. „Í anddyri Þjóðleikhússins verða Eyþór Þorláksson og Sveinn sonur hans og leika á gítar, þannig að áhorfendur komi inn í spánskt andrúmsloft strax við innganginn.

Þórarinn Guðnason og sonur hans Ríkharður munu koma fram á milli atriða í gervi spænskra verkamanna. Þeir hafa verið baksviðsmenn og Þórarinn starfað við Þjóðleikhúsið frá upphafi. Þar hafa þeir aldrei mátt bæra á sér, en núna eiga þeir að láta heyra í sér", sagði Brynja.

Brynja sagði að leikritið gerðist í ferð hjóna til Spánar, en gæti þó eins átt sér stað annars staðar. Leikritið fer fram í hótelherbergi, eða á svölum og lýsir samskiptum íslendinga innbyrðis og við þjón. „Verkið sýnir tilfinningar eða tilfinningaleysi þessa fólks," sagði Brynja.

Róbert Arnfinnsson og Þóra Friðriksdóttir fara með aðalhlutverkin, Guðrún Stephensen og Bessi Bjarnason leika hjón. Auk þeirra koma fjölmargir aðrir leikarar fram í smærri hlutverkum. Þess má geta að Sigurður Pálsson kemur í fyrsta skipti fram í verki þessu. En hann er betur þekktur fyrir skáldskap sinn.



Blómin freista ekki yngri málara

„Ég held að yngri málarar hafi lítið gert af blómamyndum. Meira að þeir eldri hafi málað slíkt", sagði Hjörleifur Sigurðsson forstöðumaður Listasafns ASÍ þegar Vísir ræddi við hann í tilefni þess að nýlega hefur verið opnuð sýning af blómamyndum eftir íslenska listamenn í húsakynnum safnsins að Laugavegi 31 í Reykjavík.

Blómamyndirnar sem til sýnis eru hafa ýmsir íslenskir listmálarar gert, allt frá þeim elstu og sá yngsti mun vera Hörður Ágústsson.

"Við höfum verið að reyna að koma upp temasýningum, ekki bara að sýna verk eftir ákveðnar persónur. Við höfðum prófað þetta áður með ágætum árangri.

Hrafnhildur Schram listfræðingur hefur unnið að því að skipuleggja sýninguna, safna saman verkunum og í samvinnu við Hjörleif Sigurðsson forstöðumann Listasafnsins komið þeim fyrir á veggjum. Hrafnhildur ritar einnig formála að sýningarskrá.

Sýningin „Blómamyndir" stendur frá 15. september til 3. október. Hún verður opin alla daga nema mánudaga kl. 14 til 18 í Alþýðubankahúsinu þriðju hæð.

Kvikmyndir um impressionista

Kvikmyndir um tvo þekktustu impressjónista sögunnar verða sýndar á morgun í húsi Listasafns Íslands við Suðurgötu.

Fjalla myndirnar um þá hollendinginn Van Gogh og norðmanninn Edward Munch.

Öllum er heimil þátttaka meðan húsrúm leyfir og er aðgangur ókeypis.